

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, Suðurstrandarvegur, Þorlákshöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002 - 2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Breytt aðkoma að Þorlákshöfn frá Suðurstrandarvegi og breytt vegakerfi á miðsvæði. Reiðleiðir og gönguleiðir taka mið af breyttu vegakerfi.
- Afmörkun og aðkoma að íbúðarsvæðum Í3 og Í6 breytist. Göngustígur innan svæðisins færir samhliða götu og opið svæði til sérstakra nota merk U1 er felld burt.
- Afmörkun miðsvæðis, svæðis merkt V1, athafnasvæðis (A1), iðnaðarsvæða (I1 og I2) og svæðis fyrir framtíðarstækkun hafnarsvæðis (HO) breytist vegna breytinga á vegakerfi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. maí 2006.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*